



Fundargerð

330. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
Fimmtudaginn 10. nóvember 2011, kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Andrea Björnsdóttir oddviti, Gústaf Jökull Ólafsson, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Sveinn Ragnarsson. Björn Samúelsson varamaður í forföllum Eiríks Kristjánssonar forfallaðist á síðustu stundu. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 4 blaðsíður.

Oddviti setti fundinn, bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 329. fundur hreppsnefndar 20. október 2011.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt. Sveitarstjóra falið að auglýsa Reykhólaskóla til útleigu sumarið 2012, 15. júní til 15. ágúst, samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 9. nóvember 2011.

Farið yfir fundargerð.

Liður 1 – 110206 Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018, Vestfjarðarvegur 60 frá Eiði í Vattarfirði að sveitarfélagamörkum í Kjálkafirði.

*Sveitarstjórn samþykkir framkomnar athugasemdir Skipulagsstofnunar í bréfi frá stofnuninni 19. október 2011 og hefur orðið við þeim.
Sveitarstjórn samþykkir umhverfisskýrslu ásamt skipulagsupprætti og greinargerð dagsett 19. október 2011, sem var auglýst skv. 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Engar athugasemdir bárust á auglýstum tíma.
Aðalskipulagsbreytingin er hér með samþykkt og verður send Skipulagsstofnun til afgreiðslu.*

Liður 2 – 1106002 Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018, deiliskipulag fyrir Þórisstaði. Samþykktur

Liður 3 – 1102005 Deiliskipulag fyrir Tröllenda á Flatey. Samþykkt.

Liður 4 – 1104004 Innstipollur deiliskipulag.

Farið yfir umsagnir Skipulagsstofnunar dags. 12.okt 2011, Fornleifaverndar ríkisins dags. 16.september 2010 og Siglingarstofnunar frá 8.nóvember 2011. Hreppsnefnd samþykktir deiliskipulagið með breytingum í samræmi við athugasemdir Skipulagsstofnunar og Fornleifarverndar ríkisins. Eldra deiliskipulag frá árinu 1996 verður fellt úr gildi við gildistöku nýja deiliskipulagsins. Deiliskipulagið með áorðnum breytingum verður sent Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

Liður 5 – 1110022 Lóðaúthlutun í Flatey. Samþykktur.

Liður 6 – 1105005 Stígagerð í Flatey. Samþykktur.

Liður 7 – 1106004 Embætti skipulags- og byggingafulltrúa. Samþykktur.
Liður 8 – 1111020 Umsókn um stöðuleyfi fyrir efni í skemmu. Samþykktur.
Liður 9 – 1111021 Umsögn um drög að skipulagsreglugerð. Samþykktur.
Liður 10 – 1110002 Reykhólar 139639, skipting lands. Samþykktur.

Mál til afgreiðslu:

1. 1109008 - Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2011.

Síðari umræða.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011, samþykkt samhljóða.

2. 1111014 – Fjárhagsáætlun 2012.

Erindi sveitarstjóra dagsett 4. nóvember 2011.

Sveitarstjóri fór yfir gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012. Áætlað að leggja áætlun til fyrri umræðu 8. desember og seinni umræðu á aukafundi 15. desember. Sveitarstjóri leggur til að skipt verði um endurskoðanda fyrir Reykhólahrepp. Samþykkt

3. 0901028 – Kaup á eignarhluta ríkisins í Reykhólalandi, landnr. 216276.

Kaupsamningur/afsal til undirritunar sent frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu dagsett 27. október 2011. Yfirlýsing vegna samnings um Hvanngarða, frá Jarðarskrifstofu 2. nóvember 2011.

Kaupsamningur samþykktur samhljóða. Sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn og ganga frá greiðslu. Yfirlýsing vegna samnings um Hvanngarða samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið undirrita yfirlýsinguna fyrir hönd sveitarfélagsins.

4. 1110025 – Tilnefning fulltrúa í vatnasvæðanefnd.

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 21. október 2011.

Sveitarstjórn tilnefndir Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur í vatnasvæðanefnd á vatnasvæði 1. Samþykkt samhljóða.

5. 1111001 – Landsskipulagsstefna 2012-2024.

Erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 25. október 2011.

Sveitarstjórn tilnefnir Svein Ragnarsson sem fulltrúa Reykhólahrepps á samráðsvettvangi vegna Landsskipulagsstefnu 2012- 2024.

6. 1111003- Frumvarp til breytingar á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Beiðni um umsögn frá Umhverfisaráðuneytinu dagsett 20. október 2011.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

7. 1111004 – Könnun á áhuga sveitarfélaga á Vestfjörðum á Lífæðinni FM árið 2011.

Erindi frá útvarpsstjóra Lífæðarinnar FM dagsett 4. október 2011.

Sveitarstjórn hafnar erindinu. Samþykkt samhljóða

8. 1111016 – Beiðni um hækkun framlaga til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða á árinu 2012.

Erindi frá framkvæmdastjóra félagsins dagsett 3. nóvember 2011.

Sveitarstjórn samþykkir erindið, vísað í gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012.

9. 1111017 - Styrkumsóknir fyrir árið 2012.

Erindi frá Sveini Ragnarssyni dagsett 4.nóvember 2011.

Opið er fyrir styrkumsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Reykhólahreppur sendir inn umsókn vegna göngustíga um Langavatn, frágang á fuglahúsi og gerðar ferðamannakorts um sveitarfélagið. Sveitarstjóra falið að útbúa umsókn, samþykkt samhljóða.

10. 1111018 – Ósk um styrk fyrir fjárhagsárið 2012.

Erindi frá Félagi eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi dagsett 4. nóvember 2011.

Sveitarstjórn samþykkir að veita Félagi eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi styrk vegna aksturs 70.000 krónur á árinu 2012. Samþykkt samhljóða, vísað í gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012.

Til kynningar

11. 1111005 – Samþykkt frá aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ 12. október 2011.

Erindi frá EBÍ dagsett 20. október 2011.

Kynnt.

12. Öryggi barna hjá dagforeldrum.

Erindi frá Velferðarráðuneytinu dagsett 1. nóvember 2011.

Kynnt.

13. 1111006 - Náttúrustofa Vesturlands, skýrsla um starfsemina 2007-2010.

Skýrsla lögð fram á fundi.

Skýrsla lögð fram.

14. 1111007 – Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 1. september 2011.

Kynnt.

15. 1111008 – Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 19. október 2011.

Kynnt.

16. 1111009 – Fundargerð 790. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Kynnt.

17. 1111010 – Fundargerð samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga 2011 og samráðsfundar stjórnar sambandsins og formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin

18. 1111022 - Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarðar 4. nóvember, fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 og tillaga að nýrri gjaldskrá.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun og tillögu að nýrri gjaldskrá.

19. 1111023 - Fulltrúi í stjórn Bata og hlunnindasýningar á Reykhólum ehf.

Sveitarstjórn skipar Eirík Kristjánsson í stjórn Bata- og hlunnindasýningar á Reykhólum ehf. og Svein Ragnarsson sem varamann.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.00
